

## Páll Valberg Ólafsson (1916-2000), bóndi og Hulda Snorradóttir (1920-2010), húsmóðir Dagverðartungu

Afhending 2021/21

Páll Valberg Ólafsson var fæddur 16. maí 1916 á Dagverðartungu og lést 14. febrúar 2000 á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri.

Foreldrar hans voru Ólafur Tryggvason f. 29. apríl 1886, d. 1. ágúst 1949 og Halldóra Ágústa Friðfinnsdóttir f. 28. ágúst 1885, d. 14. mars 1974.

Páll ólst upp í Dagverðartungu þar sem foreldrar hans sinntu búskap. Hann tók við búinu 1946 og sinnti búskap allan sinn starfsaldur. Hann flutti frá Dagverðartungu á Dvalarheimilið Hlíð árið 1994.

Menntun hann takmarkaðist af barnaskólanum en hann aflaði sér þekkingar alla tíð með því að lesa bækur. Hann söng lengi með Karlakór Akureyrar og söng í áratugi með kirkjukórum í sveitunum í kringum Dagverðartungu. Hann spilaði einnig á orgel.

Páll kvæntist Huldu Snorradóttur 16. maí 1948.

Hulda Snorradóttir fæddist 31. janúar 1920 á Syðri-Bægisá í Öxnadal, og lést 27. september 2010 á Dvalarheimilinu Hlíð.

Foreldrar hennar voru Snorri Þórðarson, f. 30. mars 1885, d. 19. júlí 1972 og Þórlaug Þorfinnsdóttir, f. 12. október 1889, d. 30. janúar 1946.

Hulda ólst upp hjá foreldrum sínum á Syðri-Bægisá við hefðbundin sveitastörf og fékk þá skólagöngu sem var venjubundin á þeim tíma. Hún var í Héraðsskólanum í Reykholti veturinn 1938-1939 og Húsmæðraskólanum á Laugalandi veturinn 1939-1940.

Hún fluttist að Dagverðartungu 1948 en flutti til Akureyrar 1994. Seinustu æviár sín bjó hún á Dvalarheimilinu Hlíð.

Páll og Hulda eignuðust 5 börn.

Afhendingin barst frá Snjólaugu og Rögnu Pálsdætrum, dætrum Páls og Huldu. Áður hefur safninu borist tvær afhendingar, þ.e. 2010/53 og 2011/6, frá sömu skjalamyndurum.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
29. júní 2021

Katrín Björg Þórisdóttir  
Skjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2021 / 21

## A-Páll V. Ólafsson og Hulda Snorradóttir

## A-Páll V. Ólafsson og Hulda Snorradóttir

1920 - 2004

A	1	1	1955 - 1955	Listi yfir úthlutun jeppabifreiða í Eyjafjarðarsýslu.
A	1	2	1960 - 1960	Sauðfjárnabók.
A	1	3	-	Útsetningar Gísla Ólafssonar á ljóðunum Söngvadásin, Elskendur og Ég ann þér (það er eftir Kristján frá Djúpalæk og heitir Til Strandar)
A	1	4	1952 - 2004	Sálmaskrár.
A	1	5	1920 - 1937	Jóla-, fermingar-, nýárs-, afmælis- og póstkort.
A	1	6	-	Nótnabók (handskrifuð af Gísla Ólafssyni)
A	1	7	-	Nótnabók (handskrifuð af Gísla Ólafssyni)
A	1	8	-	Nótnabók (handskrifuð af Gísla Ólafssyni)
A	1	9	1961 - 1964	Fjárnabók.
A	1	10	1939 - 1949	Ærbók.
A	1	11	1939 - 1939	Póesíbók, haldin í Reykholti
A	1	12	1939 - 1940	Nafnabók frá Laugalandsskóla.
A	1	13	-	Lítill barnabíblía.
A	2	1	1953 - 1962	Inneignarnótur fyrir sláturfé.
A	2	2	1962 - 1963	Skýrslur um kúabú.
A	2	3	1970 - 1972	Skýrslur um kúabú.
A	2	4	1964 - 1970	Skýrslur um kúabú.
A	2	5	1973 - 1978	Kúabók.
A	2	6	1979 - 1982	Kúabók.
A	2	7	1943 - 1956	Skýrslur um kúabú.
A	2	8	1949 - 1949	Bréf til Huldu frá Helga Bjarna Steinssyni sem flutti með föður sínum til Ameríku